

Lög Foreldrafélags Húnaskóla

1. gr. – Heiti og aðild

Félagið heitir Foreldrafélag Húnaskóla.

Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.

2. gr. – Markmið

Markmið félagsins er að vinna að heill og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvívetna.

3. gr. – Starfsemi

Tilgangi sínum hyggst félagið ná meðal annars með því að:

- a) fylgjast með og veita aðstoð í starfi skólans í þágu nemenda,
- b) styðja menningarlíf innan skólans í samráði við skólastjórnendur, svo sem tónlist, myndlist, bókmenntir og sérhvað það annað sem að gagni kann að koma fyrir nemendur og ekki telst til þeirra málefna sem skólayfirvöld eru sérstaklega sett yfir,
- c) koma með ábendingar og tillögur um starfsemi skólans.

4. gr. – Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum úr hópi forráðamanna nemenda, kjörnum á aðalfundi til tveggja ára í senn.

Aðalfundur kýs stjórnarmenn. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum og kýs sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera.

Gjaldkeri fer með fjármál félagsins, sér um bókhald og varðveislu fjármuna og leggur fram reikninga á aðalfundi.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á daglegum rekstri og framkvæmd ákvarðana félagsins.

Leitast skal við að tryggja samfellu í starfi stjórnar þannig að ekki fari fleiri en þrír stjórnarmenn úr stjórn á sama tíma.

Hætti stjórnarmaður störfum á kjörtímabili er stjórn heimilt að skipa staðgengil fram að næsta aðalfundi.

Formaður situr jafnframt í fræðslunefnd sveitarfélagsins, ef við á.

Þá skulu á aðalfundi kjörnir tveir fulltrúar í skólaráð til tveggja ára í senn.

5. gr. – Fundir

Stjórn félagsins skal koma saman til funda eftir þörfum, þó að lágmarki þrisvar sinnum á skólaári.

Halda skal aðalfund árlega og er hann æðsta vald félagsins.

Félagsfundi skal halda eftir þörfum.

Boða skal til aðalfunda og félagsfunda með minnst sex daga fyrirvara með tölvupósti til félagsmanna.

Fundargerðir skulu ritaðar á öllum fundum og gerðar aðgengilegar félagsmönnum.

6. gr. – Aðalfundur

Á aðalfundi skulu tekin fyrir að minnsta kosti eftirfarandi mál:

- Skýrsla stjórnar
- Reikningar félagsins
- Kosning stjórnar
- Kosning fulltrúa í skólaráð
- Ákvörðun um árgjald
- Lagabreytingar, ef við á

Ákvarðanir aðalfundar eru teknar með einföldum meirihluta atkvæða, nema annað sé ákveðið.

7. gr. – Fjármál

Aðalfundur ákveður árgjald félagsins.

Stjórn félagsins er heimilt að óska eftir framlagi í formi félagsgjalda frá foreldrum og forráðamönnum, einu sinni á hverri önn.

Félagsgjöld skulu vera þau sömu fyrir öll heimili, óháð fjölda barna sem frá því koma.

Hámarksfjárhæð félagsgjalds skal ákveðin á aðalfundi félagsins ár hvert og skal gjaldtaka kynnt foreldrum sérstaklega hverju sinni.

Reikningsár félagsins er 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Fjármunum félagsins skal varið í þágu nemenda og starfsemi skólans.

8. gr. – Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda sé það tilkynnt í fundarboði.

Tillögur að lagabreytingum skulu kynntar í fundarboði eða fylgja því.

Lagabreytingar taka gildi við samþykkt þeirra, nema aðalfundur ákveði annað.

9. gr. – Slit félags

Ákvörðun um slit félagsins skal tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða.

Við slit félagsins skulu eignir þess renna til Húnaskóla eða til verkefna í þágu nemenda.

Samþykkt á aðalfundi Foreldrafélags Húnaskóla, 18.5.2026